



**154. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
miðvikudaginn, 1. mars, 2006, kl. 12:00.**

**Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

Dagskrá og afgreiðslur:

- 1. Drög að samþykktum um stjórn og fundarsköp Blönduóssbæjar.**
Farið yfir drögin og samþykkt að vísa þeim til síðari umræðu í bæjarstjórn.
- 2. Endurskoðun reglna um leigulönd.**
Rætt um breytingartillögu. Tæknideild falið að koma inn ákvæði um úthlutunar- og innlausnargjald í samninginn. Úthlutunar- og innlausnargjald verði kr. 25 þúsund per hektara.
- 3. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.**
Bókað í trúnaðarbók.
- 4. Bréf frá Jónasi Skaftasyni.**
Bréfitari greinir í bréfi dags, 21. febrúar sl. frá því að hann hyggst leita til umboðsmanns Alþingis vegna ákvörðunar bæjaryfirvalda með skólaakstur. Lagt fram til kynningar.
- 5. Erindi frá sameign að Flúðabakka 3, Blönduósi.**
Stefán Hólm, f.h. sameignarinnar að Flúðabakka 3 óskar eftir aðkomu sveitarfélagsins vegna framkvæmda við gangstétt á sl. ári. Er þess farið á leit að bæjaryfirvöld hlutist um með að sameignin fái endurgreiðslu hjá varasjóði húsnæðismála vegna umræddra framkvæmda þar sem um byggingargalla er að ræða.

Málinu er vísað til afgreiðslu næsta fundar bæjarráðs.
- 6. Fundargerðir Norðurár bs., byggðasamlags um sorpeyðingu á NV.**
Fundargerðirnar eru frá 9. janúar 2006 og 17. janúar 2006 og eru lagðar fram til kynningar.
- 7. Önnur mál.**
 - a. Sala eigna.**
 - i. Tilboð hefur borist í húseignina að Mýrarbraut 28 að upphæð kr. 5.250.000,-. Tilboðinu er hafnað.*
 - ii. Lagt fram erindi frá leigjanda að húseigninni Mýrarbraut 20 sem hefur áhuga á að kanna með kaup á eigninni. Bæjarráð samþykkir að eignin fari í sölumeðferð.*



iii. Lagt fram erindi frá leigjendum að húseigninni Mýrarbraut 24 sem hafa áhuga á að kanna með kaup á eigninni. Bæjarráð samþykkir að eignin fari í sölumeðferð.

b. Salernisaðstaða við Hillebrandtshús.

Lagðar fram teikningar og myndir frá Trésmiðju Kára Lárussonar af einingarhúsi. Bæjarráð samþykkir að festa kaup á einingahúsi sbr. framlögð gögn.

c. Uppsagnarbréf bæjarstjóra. *Bæjarstjóri segir upp störfum í bréfi dags. 27. febrúar 2006.*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:45.

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)